



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn miðvikud. 24. febrúar 2016 kl. 9:30.

Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Starfsmannamál.
3. Samstarf við Textílsetur Íslands.
4. Önnur mál.

Arnar setti fund kl. 9:30 og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina Schneider, Valgarð Hilmarsson, Erla Ísafold Sigurðardóttir og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina fór yfir stöðu mála. Þekkingarsetrið er búið að láta gera átta kynningarmyndbönd um starfsemina í Kvennaskólanum í samstarfi við þær stofnanir og samtök sem þar eru til húsa. Þrjú þeirra hafa þegar verið birt á vefnum. Búið er að sækja um nemendastyrki til kvennaskólans til að geta hýst nemendur: KKNord. Þekkingarsetrið er samstarfsaðili að umsókn til Uppbyggingarsjóðs Nl.v. til blaðaútgáfu vegna listamanna sem dvelja á svæðinu. Þekkingarsetrið er einnig aðili að umsókn til sama sjóðs vegna Þrjónagleði sem Textílsetrið er að undirbúa. Sótt er til sjóðsins KKNord um styrk til ferðar til að kynna sér starfsemi listamiðstöðvar erlendis. Bréf hefur verið sent til grunnskólanna á Norðurlandi vestra þar sem kynntir voru möguleikar á heimsóknum og kennslu í tengslum við starfsemi í Kvennaskólanum. Búið er að panta húsgögn fyrir nýja starfsmenn.
2. Katharina leggur til að Katrín Sif Rúnarsdóttir verði ráðin til eins árs sem skrifstofumaður. Stjórn samþykkir þá ráðningu. Verið er að ganga frá endurráðningu Cat.
3. Gerð hafa verið drög að samstarfssamningi við Textílsetur Íslands fyrir árið 2016. Framkvæmdastjóri telur að skýra þurfi betur samstarf við Textílsetur Íslands.
4. Framkvæmdastjóri fundaði með fulltrúa minjastofu í Kvennaskólanum varðandi samstarf. Í framhaldinu kom bréf frá stjórn þar sem það er staðfest að skrifstofumaður Þekkingarsetursins hefur leyfi til að hafa lykla og sýna minjastofur ef á þarf að halda. Rætt var um að gera þarf skipurit fyrir Þekkingarsetrið og móta framtíðarsýn. Rætt var um hlutverk Þekkingarsetursins sem regnhlífastofnun. Stefnt er að því að halda stjórnarfund þar sem skilgreint er hlutverk þekkingarsetra. Ársfundur er fyrirhugaður í byrjun maí.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir